



HRUNAMANNAHREPPUR

14. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 7. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. JÚLÍ 2015

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 2. júlí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 3 mál, minnisblað um kynnisferð til Skotlands, erindi frá Tónsmiðju Suðurlands og deiliskipulag vegna Torfdals 2, Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Ásabyggð 20: Forkaupsréttur.
2. Samingar við skólabílstjóra.
3. Fasteignamat 2016.
4. Kerlingarfjöll. Framkvæmdaleyfi.
5. Högnastígur 4: Forkaupsréttur.
6. Næsti fundur sveitarstjórnar.
7. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

8. Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 11. júní s.l.
9. Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 16. júní s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

10. Fundargerð 91. fundar skipulagsnefndar frá 11. júní s.l, og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 3. júní s.l.
Mál nr. 9: Leppistungur. Byggingarleyfi.
Mál nr. 12: Ásgarður. Stöðuleyfi.
Mál nr. 13: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júní s.l.
11. Fundargerð 92. fundar skipulagsnefndar frá 25. júní s.l, og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 16. júní s.l.
Mál nr. 24: Reykjaból lóð 13. Byggingarleyfi sumarhús.
Mál nr. 25: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.
12. Fundargerð 34. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs.
13. Skólajónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 10. Fundar frá 23. Júní s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 495. fundar stjórnar frá 5. júní s.l.

Kynningarmál:

- b. Efla Verkfræðistofa: Rannsókn á áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar í Stóru-Laxá.
- c. Samorka: Hækkuð skattbyrði hitaveitna.
- d. Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.
- e. Brunabót: Úthlutun úr styrktarsjóði EBÍ 2015.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga 70 ára.
- g. Fundargerð aðalfundar Veiðielags Árneshvíls frá 28. apríl s.l.

Fundir framundan:

- h. Aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ 23.sept. n.k.

Skýrslur á skrifstofu:

- i. Vinnumálastofnun: Ársskýrsla.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Ásabyggð 20: Forkaupsréttur.

Oddviti kynnti beiðni frá eiganda sumarhúss í Ásabyggð 20 um að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti á húsinu skv. lóðaleigusamningi vegna fasteignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti að sumarhúsi á fasteigninni Ásabyggð 20, fastanúmer 220-4126, sbr. kaupsamning um eignina dags. 16.06.2015.

2. Samingar við skólabílstjóra.

Oddviti kynnti fjóra samninga milli Hrunamannahrepps og skólabílstjóra um keyrslu á nemendum í Flúðaskóla á fjórum leiðum. Sveitarstjórn samþykkir samningana og felur sveitarstjóra að undirrita þá.

3. Fasteignamat 2016.

Oddviti kynnti breytingar sem hafa orðið á fasteignamati milli árána 2015 og 2016. Fram kom að fasteignamat á húsnæði hefur hækkað um 2,4% og landverð um 3,1% milli ára.

4. Kerlingarfjöll. Framkvæmdaleyfi.

Lögð fram að nýju greinargerð dags. nóvember 2014 um efnistöku í tengslum við uppbyggingu í Kerlingarfjöllum. Þar er gerð grein fyrir efnistöku fyrir framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi svæðisins. Nú liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar dags. 1. júlí 2015 að framkvæmdir við heildaruppbyggingu hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum skuli háð mati á umhverfisáhrifum fyrir utan fyrsta áfanga. Í ljósi þessa er ekki hægt að veita leyfi fyrir efnistöku fyrir heildaruppbyggingu svæðisins en sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við efnistöku í tengslum við fyrsta áfanga uppbyggingarinnar, þ.e. efnistöku á svæðum merkt B, C og E í fyrirliggjandi greinargerð. Ganga skal frá svæðunum um leið og efnistöku er lokið.

5. Högnastígur 4: Forkaupsréttur.

Oddviti kynnti beiðni frá eiganda fasteignarinnar Högnastígs 4, Flúðum að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti á húsinu skv. lóðaleigusamningi vegna fasteignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti á fasteigninni Högnastíg 4, fastanúmer 220-4092, sbr. kaupsamning um eignina dags. 19.06.2015.

6. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 13. ágúst nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

7. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofu Hrunamannahrepps verði lokaðar í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 6. júlí til og með 24. júlí nk.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

8. Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 11. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 5. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir skýrslu skólastjóra, farið almennt yfir rekstur skólans og stöðu mála vegna skólalóðar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

9. Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 16. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna Undralands. Þar var farið yfir skýrslu skólastjóra, farið yfir fjárhag leikskólans, menntun og endurmenntun starfsfólks, starfsreglur leikskólans, heilsueflingu starfsmanna og vistun barna yngri en 18 mánaða. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina en tekur fram vegna liðar 5 í fundargerðinni að sveitarfélagið er almennt að niðurgreiða verulega aðgang að tækjasal og sundlaug og ekki standi til að gera sérstakar undanþágur vegna starfsfólks sveitarfélagsins.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

10. Fundargerð 91. fundar skipulagsnefndar frá 11. júní s.l, og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 3. júní s.l.

Mál nr. 9: Leppistungur. Byggingarleyfi.

Lögð fram umsókn um stækkun á fjallaskála í Leppistungum en húsið verður stækkað til austurs og suðurs með nýjum svefnskála og anddyri.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að afgreiða umsóknina án athugasemda með fyrirvara um samþykki Forsætisráðuneytisins.

Mál nr. 12: Ásgarður. Stöðuleyfi.

Lögð fram umsókn um stöðuleyfi fyrir allt að 10 nýjum herbergjaeiningum á grunn ofan við bílastæði norðan aðalbyggingar. Herbergjaeiningarnar verða síðar notaðar sem 2. hæð fyrirhugaðar hótélbyggingar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að samþykkja stöðuleyfið í samræmi við óskir umsækjanda að uppfylltum skilyrðum um brunavarnir og hollustuhætti.

Mál nr. 13: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júní s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. júní s.l.

11. Fundargerð 92. fundar skipulagsnefndar frá 25. júní s.l, og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.

Mál nr. 24: Reykjaból lóð 13. Byggingarleyfi sumarhús.

Lögð fram umsókn um að byggja sumarhús og rífa niður eldra hús sem þar er fyrir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að grenndarkynna umsóknina fyrir aðliggjandi lóðarhöfum og ef engar athugasemdir berast að vísa málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 25: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.

12. Fundargerð 34. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs.

Oddviti kynnti fundargerð 34. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. Þar var farið yfir Skotlandsferð og mögulegt samstarf með Rangárþingi Ytra. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

13. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 10. Fundar frá 23. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnespings. Þar var kynning á námsefnisbankanum, ársskýrsla þjónusturáðs málefna fatlaðs fólks lögð fram, fundargerð aukafundar NOS lögð fram, farið yfir helstu málaflökka velferðarþjónustunnar milli janúar og maí 2015 og trúnaðarmál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Önnur mál:

14. Minnisblað um kynnisferð til Skotlands.

Oddviti lagði fram minnisblað um kynnisferð skipulagsnefndarmanna ásamt fleirum til Skotlands til að kynna sér skipulagsmál vegna nýtingar vindmyllna.

15. Tónsmiðja Suðurlands.

Oddviti kynnti erindi frá Tónkjallaranum ehf vegna Tónsmiðju Suðurlands að fjölga nemendagildum Hrunamannahrepps við skólann næsta skólaár. Sveitarstjórn samþykkir að fjölga nemendagildum úr þremur í fjögur.

16. Deiliskipluagsbreyting. Torfdalur 2.

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóðar Límtrés Vírnets, Torfdalur 2, sem felst í að lóðin stækkar úr 21.608 fm í 31.124 fm auk þess sem byggingarreitur stækkar. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 13. maí 2015 með athugasemdafresti til 25. júní. Engar athugasemdir bárust. Tillagan er nú lögð fram með þeirri breytingu að gert er ráð fyrir lagnakvöð á lóðinni meðfram vegi.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið að nýju með ofangreindri breytingu.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. SASS: Fundargerð 495. fundar stjórnar frá 5. júní s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- b. **EFLA Verkfræðistofa: Rannsókn á áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar í Stóru-Laxá.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **Samorka: Hækkuð skattbyrði hitaveitna.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Brunabót: Úthlutun úr styrktarsjóði EBÍ 2015.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Samband íslenskra sveitarfélaga 70 ára.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Fundargerð aðalfundar Veiðifélags Árnesinga frá 28. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- h. **Aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ 23.sept. n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- i. **Vinumálastofnun: Ársskýrsla.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.30.